

Lög

69
27. júní

um

hreppskilabing.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í hverjum hreppi og kaupstað skulu menn eiga með sjer tvö hreppskilabing ár hvert, vorþing 1. til 20. júnídag og haustþing 1. til 20. októberdag. Skyldur er hver búandi og aðrir, sem lögskil eiga að gera á hreppskilabingi, að sækja það, eða setja gildan mann í sinn stað, nema forföll banni. Hver, sem ekki sækir nje lætur sækja hreppskilabing og hefir eigi lögmæt forföll verður sektaður um 5 kr.

2. gr.

Hreppstjóri eða bæjarfógeti skal kveðja til hreppskilabings með hæfilegum fyrirvara með þingboði, sem berist boðleið um allan hreppinn. Hver, sem tefur þingboð um skör fram eða glatar því, er sekur um 5 kr., nema þingri refsing liggir við eftir öðrum lögum, eða gildar afsakanir sjeu fyrir hendi.

3. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð eða bæjarsjóð. Mál útaf brotum gegn þeim skulu rekin sem almenn lögreglumál.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.